



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. desember 2017



Tíundi fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn .6 desember 2017 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðjón L. Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir og Hjördís Guðmundsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Jakob Sigurðsson og Þorbergur Aðasteinsson

Fjarverandi: Hjalti Þór Hreinsson

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Formannafundur ÍSÍ
GBO rakti niðurstöður formannafundar ÍSÍ sem fram fór í desember.
3. IHF þing og fundur með formanni IHF í Basel
GBO fór yfir helstu atriði sem komu fram á IHF þingi sem fram fór í nóvember en GBÓ og RGG fóru á fundinn fyrir hönd HSÍ. Helstu málin sem lágu fyrir þinginu voru að skipta átti Pan America sambandsins í tvennt sem og kosningar til stjórnar IHF. Í kjölfarið á þeim fundi var GBÓ og RGG boðið á fund með forseta IHF í Basel og fóru þeir utan til þess fundar. Sá fundur var nokkuð árangursríkur en á fundinum við okkur lofað stuðningi við útbreiðsluverkefni HSÍ.
4. Deildarbikar HSÍ
Á formannafundi HSÍ í nóvember voru umræður um deildarbikar karla og kvenna. Á fundinum var lögð fram tillaga um að leggja niður deildarbikarinn og að stjórn HSÍ myndi taka ákvörðun um úthlutun Evrópusætis. Slíkt var lagt til atkvæðisgreiðslu hjá félagunum sem féll 10-2 um að leggja deildarbikarinn niður. Stjórn HSÍ samþykkir þessa ákvörðun félaganna og felur laganefnd að koma með tillögu að breytingu á reglugerð.
5. Fjármál HSÍ
RG er búinn að handsala samkomulag við Bláa Lónið um að Bláa Lónið verði helsti samstarfsaðili hæfileikunarmótunar HSÍ. Þá liggur fyrir samningur við Ícelandair. Óvissa er með áframhald samninga við Valitor, FÍ og RJC. Nokkuð vel hefur gengið að innheimta kröfur en útistandandi skuldir eru þónokkrar. Fjármögnun vegna 2018 lítur ágætlega út en er þó háð úthlutun afrekssjóðs.
6. Starfsmannamál HSÍ
Gengið var frá ráðningu á Fannar Karvel sem styrkþjálfara í nóvember og hefur hann hafið störf. Andri Sigfússon hefur sagt upp störfum og fá DBG og RGG umboð til að ganga frá málum og ráðningum.
7. Reglugerðir
Stjórn staðfesti breytingu sem samþykkt var á reglugerð um agamál.
8. Önnur mál
 - a. Undankeppni HM kvenna
Stjórn HSÍ ákvað að halda ekki undankeppni HM vegna kostnaðar.
 - b. Formannafundur HSÍ
Í lok nóvember var haldinn formannafundur HSÍ og rakti GBO helstu atriði fundarinnar en vel var mætt á fundinn og góðar umræður áttu sér stað.



Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 3. janúar kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari